

Epple gegn Þýskalandi

Dómur frá 24. mars 2005

Mál nr. 77909/01

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka. Réttur til að vera færður án tafar fyrir dómara.

1. Málsatvik

Kærandi, Ulrich Epple, er þýskur ríkisborgari fæddur 1970. Þann 18. júlí 1997 var haldin hátíð á eyjunni Lindau. Sama dag hafði einnig verið boðað til annarrar samkomu undir yfirskriftinni „sjöundi óreiðudagur Lindau“. Hafði sú samkoma verið bönnuð vegna hugsanlegrar hættu á röskun á almannaoöryggi og allsherjarreglu. Um kl. 6 árdegis skipaði lögregla kæranda að yfirgefa hátíðarsvæðið en hann neitaði að verða við því. Vegna neitunar hans, útlits og klæðaburðar og vegna þess að í gagnagrunni lögreglu kom fram að hann hafði áður sótt slíka samkomu skipaði lögregla honum að yfirgefa eyjuna og koma ekki aftur þangað það sem eftir væri helgarinnar. Kærandi neitaði að verða við þessu og var hann þá handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem hann var í haldi til kl. 13.45 næsta dag.

Þýskir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að varðhald lögreglu hefði verið lögmætt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með handtökunni og varðhaldi í kjölfarið hefði verið brotið gegn b-lið 1. mgr. og 3. mgr. 5. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að handtaka kæranda og upphaflegt varðhald af hálfu lögreglu hefði ekki brotið gegn 1. mgr. 5. gr. Hvað varðaði lengd varðhaldsins tók dómstóllinn fram að kærandi hefði verið í haldi í meira en 19 klukkutíma, þar sem dómstóllinn í Lindau starfaði ekki um helgar. Hafði vakthafandi dómari komið seint til starfa laugardaginn 19. júlí 1997. Þá hefðu beðið dómarans 17 kærur um lögmæti varðhalds.

Samkvæmt þýskum lögum átti ávallt að láta mann lausan í síðasta lagi við lok næsta dags eftir handtöku, ef ekki lægi fyrir dómsúrskurður um gæsluvarðhald. Dómstóllinn tók fram að refsing við háttsemi kæranda væri aðeins sekt að hámarki 250 evrur. Með hliðsjón af málsatvikum og mikilvægi þess sem rétturinn til frelsis hefur í sáttmálanum taldi dómstóllinn að þegar lengd varðhalds kæranda og dráttur sá sem varð á fyrirtöku dómara væru virt saman, hefði ekki verið tryggt nægilegt jafnvægi á milli þeirrar nauðsynjar að framfylgja skipun þeirri sem kæranda var gert að fylgja og réttar kæranda til frelsis. Taldi dómstóllinn einróma að brotið hefði verið gegn b-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Engar bætur voru dæmdar kæranda á grundvelli 41. gr. þar sem hann gerði ekki kröfu um þær, þótt honum hefði verið leiðbeint um rétt sinn til þess.

(Dómurinn er aðeins til á frönsku.)